

766.000 frá 1. jan. 1973 til 16. maí 1973, en 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 24. mars 1974 og af kr. 1.125.847 (sic) frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 215.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Þórisós h/f vegna Þórisóss s/f, greiði stefnanda sveitarsjóði Hveragerðishrepps, kr. 1.252.447 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 126.600 frá 1. janúar 1972 til 1. janúar 1973 og af kr. 766.000 frá þeim degi til 16. maí 1973, en með 1½% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 24. mars 1974 og af kr. 1.252.447 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 215.000 í málskostnað. Allt innán 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1979.

Nr. 123/1977. Tónlistarfélag Garðahrepps

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Norðdahl

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Vinnusamningur. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júlí s. á. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit fundargerða skólanefndar Tónlistarskóla Garðahrepps 9., 26. og 27. ágúst 1975.

Fjárkröfur stefnda á hendur áfrýjanda, sem héraðsdómari tók til greina og stefndi miðar við kröfugerð sína fyrir Hæstarétti, sundurliðar hann þannig:

| | |
|--|----------------|
| 1. Laun í 3 mánuði frá 1. september 1975 vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi | 269.856 krónur |
| Frá dregst greiðsla upp í septemberlaun | 40.000 krónur |
| <hr/> | |
| Eftirstöðvar | 229.856 krónur |
| 2. Vangoldin yfirvinna, 9 stundir á viku tímabilið 15. október 1974 til 15. maí 1975 | 286.056 krónur |
| 3. Launafrádráttur, sem stefndi varð að sæta vegna kennaralauna, sem greidd voru Birnu Bragadóttur | 61.000 krónur |
| <hr/> | |
| Samtals | 576.912 krónur |

Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda reikningslega eða um vaxtakröfunna, og málsaðild áfrýjanda sætir ekki andmælum.

Um 1. kröfulið.

Stefndi var starfsmaður áfrýjanda samkvæmt ótímabundnum starfssamningi við hann. Ákvæði 2. gr. laga nr. 22/1975 verður ekki skýrt svo, að það hafi fellt úr gildi ráðningarsamning málsaðilja. Hvorugur málsaðilja gat slit-ið hinum ótímabundna ráðningarsamningi með einhliða uppsögn hans fyrr en að liðnum hæfilegum uppsagnarfresti. Fyrir Hæstarétti miðar stefndi kröfugerð sína við það, að sá uppsagnarfrestur, sem hann átti rétt á, hafi verið þrjú mánuðir miðað við mánaðamót, svo sem héraðsdómari taldi, og þykir mega á það fallast. Þegar af þeirri ástæðu, að ósannað er, hvenær sumars 1975 skólastjórastaða Tónlistarskóla Garðahrepps var auglýst laus til umsóknar og hvenær stefndi sótti um stöðuna samkvæmt þeirri auglýsingu, verður upp-sagnarfresturinn frá hvorugu þessara tímamarka talinn. Þar

sem ekki hafa verið leidd rök að því, að telja beri uppsagnarfrestinn frá fyrri tíma en stefndi miðar við í kröfugerð sinni og héraðsdómari lagði til grundvallar dómi sínum, verður héraðsdómurinn staðfestur að því er varðar þennan kröfulið

Um 2. kröfulið.

Ekki er ótvírætt leitt í ljós, hver hafi verið kennsluskylda stefnda samkvæmt ráðningarsamningi hans við áfrýjanda. Samkvæmt þessu og þar sem stefndi enn fremur virðist engum kröfum hafa hreyft um laun fyrir yfirvinnu, fyrir en hann hafði látið af skólastjórarstarfi og annar skólastjóri verið ráðinn í hans stað, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3. kröfulið.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um þennan kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 290.856 krónur með vöxtum, svo sem krafist er. Þá ber og samkvæmt þessum úrslitum að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega metinn samtals 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Tónlistarfélag Garðahrepps, greiði stefnda, Guðmundi Norðdahl, 290.856 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. september 1975 og samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Garðakaupstaðar 18. febrúar 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. þ. m., hefur Guðmundur Norðdahl tónlistarmaður, Álfheimum 56, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 18. nóvember 1975, á hendur Tónlistarfélagi Garðahrepps.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 848.868 með 13% ársvöxtum frá 1.

september 1975 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Yfirvinna á tímabilinu 15. okt. til 1. nóv. 1974,
9 st. á viku á kr. 694.34 kr. 12.498.12
2. Yfirvinna frá 1. nóv. 1974 til 15. maí 1975, 270
st. á kr. 1.013.18 — 273.558.60
3. Uppsagnarfrestur í 6 mánuði:
 - a) sept. 1975 kr. 88.552.00 ÷ kr. 40.000.00, er
greiðst hafa — 48.552.00
 - b) okt. 1975 — febr. 1975 — 453.260.00
4. Laun aukakennara, Birnu Bragadóttur, kr.
61.000.00, sem dregin voru af launum stefnanda — 61.000.00

Samtals kr. 848.868.72

II.

Stefnandi, Guðmundur Norðdahl, hafði á sínum tíma forgöngu um stofnun tónlistarfélags í Garðahreppi. Gekkst tónlistarfélagið síðan fyrir stofnun tónlistarskóla. Gerðist stefnandi skólastjóri hans og sinni því starfi um 11 ára skeið, hin síðari árin ásamt fullu kennarastarfi við tónlistarkennslu í barna- og gagnfræðaskóla Garðahrepps. Tók stefnandi full laun hjá báðum aðiljum.

Tónlistarskólinn í Garðahreppi var að formi til í eigu og rekinn af Tónlistarfélagi Garðahrepps, stefnda í máli þessu, en þó þannig, að sveitarsjóður Garðahrepps virðist hafa staðið algerlega undir rekstrinum og séð um allt reikningshald og greiðslur fyrir skólann.

Stjórn tónlistarskólans réð skólanum skólastjóra og starfslíð. Stjórnin gerði á hverju hausti fjárhagsáætlun fyrir skólann, að því er virðist á grundvelli fenginnar fjárveitingar frá hreppnum.

III.

Hinn 23. maí 1975 gengu í gildi lög nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í 1. gr. laganna er skýrgreint, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja, til þess að um sé að ræða tónlistarskóla í merkingu laganna. Síðan segir í 2. gr. laganna:

„Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna. Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að jengnum tillögum

skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. (Auðkennt hér). Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar, skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.“

Í hinu tilvitnaða ákvæði svo og öðrum ákvæðum laganna kemur fram, að lögin gera ráð fyrir því, að eignarhald og rekstur tónlistarskóla sé í höndum einkaaðilja, en sveitarfélög leggi þeim til kennara, er séu starfsmenn sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Garðahrepps auglýsti nú eftir skólastjóra. Ekki er fram komið, hvenær sú auglýsing birtist. Stefnandi, Guðmundur Norðdahl, var meðal umsækjenda. Með bréfi, dagsettu 16. september 1975, skýrði sveitarstjóri stefnanda frá því, að umsókn hans hefði verið hafnað og annar skólastjóri ráðinn. Stefnanda voru greidd laun til 15. september. Stefnandi fékk aldrei sérstaka tilkynningu frá Tónlistarfélagi Garðahrepps um, að honum væri sagt upp starfi. Stefnandi miðar þó kröfu sína um laun á uppsagnarfresti við 1. september, þ. e. virðist telja, að sér hafi í raun verið sagt upp eða vikið frá þann dag. Hann telur sig hafa sjálfkrafa orðið opinberan starfsmann við gildistöku laganna og eiga því sama bótarétt og æviráðnir ríkisstarfsmenn, sem vikið er frá. Til vara telur stefnandi sig eiga rétt til 6 mánaða launa samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1954, ef litið yrði svo á, að staða stefnanda hefði verið lögð niður. Til þrautavara telur stefnandi, ef litið yrði svo á, að hann hefði verið, er honum var vikið frá, starfsmaður einkaaðilja og án sérstaks samnings um uppsagnartíma, þá beri að dæma 6 mánaða uppsagnarfrest með hliðsjón af eðli og ábyrgð skólastjórastarfsins og dómvenju í sambærilegum tilvikum.

Stefndi á hinn bóginn telur aðallega, að þar sem ekkert ákvæði um uppsagnarfrest er í ráðningarsamningi stefnanda, þá eigi hann ekki rétt til launa á uppsagnarfresti, en til vara, að þar sem stefnanda hafi verið kunnugt um fyrirhugaða lagasetningu allöngu áður en lögin nr. 22/1975 gengu í gildi, þá hafi hann ekki átt rétt til neinna launa á uppsagnarfresti, en til þrautavara

telur stefndi, að uppsagnarfrestur eigi að miðast við birtingardag laganna 22. maí og sé stefnandi því búinn að fá öll laun á uppsagnarfresti greidd, þar sem honum hafi verið greidd laun til miðs septembers. Loks telur stefndi til ýtrustu vara, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, að uppsögn eigi að miðast við birtingu auglýsingar eða í síðasta lagi við dagsetningu umsóknarbréfs stefnanda um stöðuna.

IV.

Það er óumdeilt, að stefnandi var í fullu starfi hjá stefnda fastráðinn starfsmaður á mánaðarlaunum. Ekki verður á það fallist með stefnanda, að hann hafi sjálfkrafa orðið starfsmaður sveitarfélagsins, er lögin nr. 22 frá 1975 tóku gildi. Því síður verður á það fallist, að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi við um umrætt tilvik, beint eða með lögjöfnun. Stefnandi var einfaldlega mánaðarkaupsmáður hjá einkaaðilja.

Ekki er fram komið, að gerður hafi verið skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Á hinn bóginn var honum sett erindisbréf, sem fram hefur verið lagt í málinu. Ekki er þar að finna ákvæði um uppsagnarfrest, en á hinn bóginn segir í niðurlagi 19. gr. erindisbréfsins, að skólanefnd beri að tilkynna settum (sic) skólustjóra, ef hún ætlar að láta auglýsa stöðu hans. Einnig hefur verið lagður fram í málinu kjarasamningur sá, er í gildi var á þessum tíma milli kennaradeildar Félags íslenskra hljómlistarmanna og fimm tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu, þ. á m. tónlistarskóla Garðahrepps. Í þeim kjarasamningi er ekkert ákvæði um lengd uppsagnarfrests starfsmanns, einvörðungu ákvæði um uppsögn kjarasamningsins sjálfs.

Samkvæmt þessu verður að athuga með hliðsjón af eðli máls og þeim venjum, sem mótast hafa, þ. á m. dómvenju, hvort stefnandi eigi rétt til uppsagnarfrests og ef svo yrði talið, þá hversu langur sá uppsagnarfrestur eigi að vera.

Með hliðsjón af sammingskjörum stefnanda að öðru leyti, en þar er tekið mjög mið af kjörum kennara almennt, þ. á m. um fjárhæð launa og greiðslufyrirkomulag þeirra, svo og með hliðsjón af eðli starfs stefnanda og þeirri ábyrgð, er því fylgdi, þá þykir stefnandi eiga rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests. Er þá m. a. haft í huga, að þeir starfsmenn sveitarfélaga, sem ekki þiggja laun eftir kjarasamningum verkalýðsfélaga, hafa yfirleitt 3ja mánaða uppsagnarfrest svo og mikill meirihluti þeirra ríkisstarfsmanna, sem ráðnir eru með uppsagnarfresti, aðrir en for-

stjórar atvinnufyrirtækja, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954, og enn fremur er 3ja mánaða uppsagnarfrestur gegnumgangandi í samningum verslunarmanna, bankamanna og fleiri sambærilegra stétta, þar sem starfssamband launþega og vinnuveitanda er varanlegt, laun greidd mánaðarlega og um nokkra starfsábyrgð að ræða.

Upphaf uppsagnarfrests til handa stefnanda ber að miða, í samræmi við kröfugerð hans, við 1. september, þegar af þeirri ástæðu, að stefndi hefur ekkert upplýst um það, hvenær sveitarstjórn auglýsti skólástjórastöðuna lausa til umsóknar og eigi heldur hvenær stefnandi ritaði umsóknarbréf sitt.

V.

Svo sem áður greinir, er annar höfuðþáttur stefnukröfu vangoldin yfirvinna fyrir tímabilið 15. október 1974 til 15. maí 1975, þ. e. 9 st. á viku fyrir allt skólaárið 1974—1975. Telur stefnandi sig hafa haft 10 klst. kennsluskyldu á viku, en unnið 19 st. Stefndi viðurkennir að hafa ekki framvísað reikningum fyrir þessa yfirvinnu fyrr en eftir að hann hafði látið af störfum, þ. e. hinn 29. ágúst 1975. Stefndi hefur mótmælt því, að þessir tímar hafi verið unnir, og auk þess mótmælt því, að stefnandi hafi haft nokkra yfirvinnuheimild. Jafnvel þótt svo hefði verið, þá sé krafan niður fallin fyrir tómlæti.

Vitnin Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, Einar Geir Þorsteinsson, Jóhannes Pétursson og Elísabet Þóra Þórólfsdóttir, sem öll töldu sig hafa átt sæti í stjórn hins stefnda félags veturinn 1974—1975, vefengdu ekki, er þau komu fyrir dóminn, að stefnandi hefði haft heimild til að vinna yfirvinnu gegn greiðslu. Framburður þeirra um vinnutíma stefnanda var nokkuð á reiki. Í vottorði, er þau undirrituðu og lagt var fram, segir þó, að stefnandi hafi kennt frá kl. 1630 til 1930 frá mánudegi til föstudags og á laugar-dögum frá kl. 1030 til 1430, eða alls 19 stundir á viku.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa hnekkkt kröfu stefnanda um greiðslu yfirvinnu, 9 klst. á viku. Ekki þykir, eins og á stendur í málinu, áveg nægileg ástæða til að sýkna af þessum kröfuflið vegna tómlætis.

Það athugast, að stefndi hefur ekki mótmælt því sérstaklega, að stefnandi virðist, miðað við lengd skólaársins, reikna viku-fjöldann rúmt, m. a. hvorki draga frá jóla- né páskaleyfi.

VI.

Þriðji aðalþáttur stefnukröfu er krafa stefnanda um greiðslu á kr. 61.000, sem dregnar höfðu verið frá launum hans vegna þess, að hann réð aukakennara, Birnu Bragadóttur, að því er virðist til afleysinga, og fékk hún þessa fjárhæð greidda fyrir störf sín.

Með því að ekki er vefengt af þeim fjórum stjórnarmönnum í hinu stefnda félagi, sem fyrir dóminn hafa komið, að stefnandi hafi sem skólastjóri haft heimild til að ráða nefndan aukakennara og með því að umræddum aukakennara voru fyrirstöðulaust greidd laun, nefndar kr. 61.000, af sjóðshaldara félagsins, þá þykir stefnandi ekki þurfa að sæta frádrætti á nefndri fjárhæð við uppgjör sér til handa.

VII.

Samkvæmt framansögðu verða því kröfur stefnanda teknar til greina með þeim fjárhæðum, er hér greinir. Ekki er ágreiningur um texta:

1. Laun á uppsagnarfresti:

1 mán. á kr. 88.552 kr. 88.552

2 mán. á kr. 90.652 — 181.304

kr. 269.856

frá dragast kr. 40.000, er stefnandi hefur fengið greiddar upp í september-

laun kr. 40.000

Kr. 229.856

2. Yfirvinna:

18 st. á kr. 694.34 kr. 12.498

270 st. á kr. 1.013.18 — 273.558

Kr. 286.056

3. Endurgreiðsla á launafrádrætti — 61.000

Samtals kr. 576.912

Málskostnaður ákveðst kr. 115.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tónlistarfélag Garðahrepps, greiði stefnanda, Guðmundi Norðdahl, kr. 576.912 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1975 til greiðsludags og kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. maí 1979.

Nr. 77/1977. **Aðalheiður Tómasdóttir**
Guðbjörg Tómasdóttir
Guðrún G. Tómasdóttir
Herdís Tómasdóttir
Jóhanna Tómasdóttir og
Sigríður Jónsdóttir
 (Kristján Eiríksson hrl.)
 gegn
Indriða G. Þorsteinssyni og
 (Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
Ríkisútvarpinu
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Flutningur útvarpsefnis. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Afrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1977. Krefjast þeir þess, að lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1975, sú er í málinu greinir, verði staðfest. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndi Indriði G. Þorsteinsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.